

## Málefni: Bráðabirgðaákvörðun - Númeraflutningur og skráning flökkunúmerasería í kerfi Símans

### I. Erindi Atlassíma ehf.

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) barst erindi frá Atlassíma ehf., með tölvupósti dags. 2. mars 2006. Í erindinu er kvartað yfir því að Síminn hf., hafi ekki framkvæmt númeraflutning í samræmi við ákvæði fjarskiptalaga nr. 81/2003 og ákvæði reglna nr. 401/2001 um númeraflutning. Jafnframt er kvartað yfir því að skráning á svokölluðum flökkunúmerum (496 xxxx) hafi einnig verið hafnað af hálfu Símans.

#### 1. Krafa um númeraflutning

Í erindinu kemur fram að í kjölfar fundar, sem haldinn var í húsakynnum PFS þann 22. febrúar 2006, þar sem aðilar í “*símaþjónusturekstri*” hittust til að ræða fyrirkomulag númeraflutnings sendi Atlassími þann 24. febrúar s.l. beiðni um “*portun*” tveggja númera yfir á strauma Atlassíma. Í samtali við starfsmann Símans hafi komið fram að innan Símans hafi verið fundað um númeraflutning almennra númera yfir á strauma Atlassíma og niðurstaða þess fundar verið sú að beiðni um númeraflutning yrði ekki afgreidd sökum skorts á verkferlum innan Símans.

Telur Atlassími þessi svör í hróplegu ósamræmi við niðurstöðu fundar um númeraflutningsmál og bréf PFS dags. 23. febrúar s.l. í kjölfar hans, þar sem m.a. er vísað í 52. gr. laga um fjarskipti og ákvæði reglna nr. 401/2001 númeraflutning.

Tafir af hálfu Heildsölu Símans hafi nú þegar valdið óafturkræfu tjóni á rekstri Atlassíma sem situr uppi með tugmilljóna fjárfestingu sem ekki fást tekjur inn á sökum hæga- og flumbrugangs af hálfu Heildsölu Símans. Til hafi staðið að hefja sölu áskriftarlausna 1. mars og ljóst að hver dagur sem líður án þess að af stað verði komist eykur því beint tjón af þessum sökum.

#### 2. Krafa um skráningu á flökkunúmerum 496 xxxx

Um skráningu á flökkunúmerum kemur fram í erindi Atlassíma að þann 24. febrúar 2006 hafi fyrirtækið óskað eftir skráningu áður úthlutaðra númerasería sinna hjá Heildsölu Símans. Hluti hina úthlutaðu númera voru úr 496 seríunni og skilgreind sem svokölluð flökkunúmer. Í svari frá Heildsölu Símans komi fram að þessari afgreiðslu sé hafnað á grundvelli þess að ekki sé um að ræða “hefðbundin” númer og að samtengisamningur nái ekki yfir þessi númer. Atlassími hafnar rökstuðningi Símans og að þetta þurfi að valda töfum á afgreiðslu enda lítur fyrirtækið svo á að 496 númer séu ekki eðlisólíkari öðrum númerum en svo að þau ættu að falla undir skilgreiningu hefðbundinna númera.

Með erindi Atlassíma fylgdu einnig afrit af tölvupóstsamskiptum við heildsölu Símans.

Í báðum tilvikum var óskað eftir með vísun í 11. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, að stofnunin tæki bráðabirgðaákvörðun í málinu.

## II. Sjónarmið Símans hf.

Erindi Atlassíma var sent Símanum til umsagnar með tölvupósti dags. 2. mars 2006 og Símanum gefinn kostur á að koma að gögnum og andmælum og var frestur veittur til 6. mars 2006. Þann sama dag barst sáttatillaga í tölvupósti frá Símanum sem var framsend af hálfu PFS til Atlassíma. Atlassími hafnaði tillögu Símans og var Símanum kynnt sú afstaða Atlassíma, jafnframt var sá frestur sem Síminn hafði til að veita umsögn um erindi Atlassíma framlengdur til þriðjudagsins 7. mars.

Með bréfi, dags. 7. mars 2006, barst umsögn frá lögmanni Símans fyrir hönd fyrirtækisins.

### *1. Krafa um númeraflutning*

Í athugasemdum Símans er vísað í tölvupóst frá heildsölu Símans þann 27. febrúar 2006 og sagt að vinna við að tengja og flytja umrædd númer hafi verið í gangi þegar krafa um bráðabirgðaákvörðun kom fram. Þeirri vinnu væri nú lokið og númerin tengd og flutt. Af þessari ástæðu hefði Atlassími ekki lengur lögvarða hagsmuni af því að fá niðurstöðu um þennan þátt. Bæri því að hafna kröfunni um bráðabirgðaákvörðun.

Tiltekur Síminn að númeraflutningur þessi sé framkvæmdur í trausti þess að netsímþjónusta úr fluttu númeri í fastanetinu verði skráð á ákveðna staðsetningu og ekki markaðssett sem flökkupjónusta, sbr. kafla 4.2 í yfirlýsingu PFS varðandi netsímaþjónustu, dags. 3. febrúar 2006.

### *2. Krafa um skráningu á flökkunúmerum (496 xxxx)*

Síminn telur að með kröfunni um skráningu á flökkunúmerum Atlassíma sé í raun krafist að gerður verði samtengisamningur við félagið um flökkupjónustu. Slík þjónusta sé ekki tilgreind í gildandi viðmiðunarsamtengitilboði né heldur í samtengisamningi Símans og Atlassíma. Unnið væri að breytingum á viðmiðunarsamtengitilboði sem miða að því að fella slík flökkunúmer og almenna VoIP símaþjónustu undir samtengisamninga félagsins. Af því tilefni tók Síminn fram að fyrirtækið teldi sig hafa fullt forræði á því hvenær þeirri vinnu ljúki.

Í þessu sambandi vísar Síminn til 24. gr. fjarskiptalaga þar sem fram kemur að fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenn fjarskiptanet eða almenna fjarskiptaþjónustu skulu eiga rétt og bera skyldu til að semja um samtengingu neta og þjónustu.

Þá er í bréfi Símans vísað í minnisblað heildsölu fyrirtækisins til lögfræðisviðs, dags. 2. mars 2006. Telur Síminn að þar komi fram fjölmörg álitæfni sem ráða þurfi fram úr. Í nefndu minnisblaði kemur fram að vöruframboð Heildsölu Símans komi annars vegar fram í viðmiðunarsamtengitilboði (RIO) sem taki á símaumferð, verðum og skilmálum í kringum samtengingar símneta og hins vegar viðmiðunartilboði um opinn aðgang að heimtaugum (RUO) þar sem útlístað eru umgjörð og skilmálar um heimtaug og skiptan aðgang. VoIP símaþjónusta snertir RIO samninginn og telur Síminn að nauðsynlegt sé að setja inn skilmála um VoIP símaþjónustu áður en Síminn býður upp á slíkt svo að mögulegt sé að afgreiða beiðnir frá ytri aðilum um samtengingu.

Í minnisblaðinu voru eftirfarandi atriði einnig útlustuð:

„Skráning: Hvernig verður staðið að tengingum á staðbundnum talsímanúmerum yfir í VoIP – heimasíma. Við breytingu á PSTN yfir í VoIP er heimili aftengt í hefðbundinni símaþjónustu en endurtengt yfir ADSL tengingu. Í núverandi kerfum Símans er símanúmerið notað sem grundvallarskráning um línutengingar, ýmsa þjónustupætti og gjaldfærslur.

Stofngjöld: Stofngjald þar sem VoIP heimasími kemur fyrir verður líkt og stofngjald fyrir flutningi á númer með fullan aðgang að heimtaug (HEIS1) 2.950 kr. þar sem vinnan við flutninginn er sú sama.

Númeraflutningur: Gengið út frá því að verð sé það sama og í talsíma 550 kr. á hvert númer.

Mánaðargjald fyrir heimtaug: Það þarf að vera á hreinu hver borgar mánaðargjald heimtaugar þegar viðskiptavinur flytur númer sitt í VoIP hjá öðrum aðila. Sem dæmi: Viðskiptavinur er með talsíma hjá Símanum (862 kr.) með skiptan aðgang hjá OGV (ADSL, á 285 kr.), segir upp símanum og fær sér VoIP númer yfir ADSL hjá þriðja aðila út í bæ; greiðir OGV fullt heimtaugargjald, 1.147 kr. og þriðji aðili sem veitir VoIP símtöl ekkert? Samkvæmt þessu er VoIP aðilinn í raun “free rider” á heimtauginni, OGV þarf að greiða 1.147 kr. í stað 285 kr., þrátt fyrir að ekkert hafi breyst hjá honum nema að núna er 3. aðili að nota efra tíðnisviðið með þeim.

Samtengiverð VoIP heimasíma: Hvaða samtengiverð eru á milli Símans og OGV og annarra fjarskiptafyrirtækja þegar þessi félög bjóða bæði VoIP; t.d. símtal úr VoIP heimasíma hjá Símanum í VoIP heimasíma hjá OGV?

Samtengiverð flökkunúmera: Hvert er samtengiverð á milli fjarskiptafyrirtækja fyrir flökkunúmer annars vegar og hins vegar við önnur númer.

Verklagsreglur: Það er ekki búið að ganga frá verkferlum í tengslum við VoIP og þarf PFS að birta drög að verklagi og fyrirtækin að samþykka og samræma það.

UT kerfi: Vinna er ekki hafin við að uppfæra upplýsingatækni- og reikningagerðakerfi til að sjá um VoIP númeraflutning og þurfa fyrirtækin tíma til að vinna þá vinnu.

Upplýsingarskylda: Verður viðskiptavinur upplýstur um takmarkanir á VoIP símanúmerum eins og númerabirtingu, ótrygg gæði í flökkunúmerum, rafmagnstruflanir, hleranir og í sumum tilfellum lakara öryggi en almennt símanúmer? Er viðskiptavinur upplýstur um takmarkanir á númeraflutningi á flökkunúmerum á milli fjarskiptafyrirtækja.

Skráning á númerum: Hver á að halda utan um skráningu á númerum. Hvað ef númerin flytjast á milli margra fyrirtækja og einstaklinga?

Skráning í RIO: Áður en farið er að afgreiða VoIP þjónustu þá þarf að uppfæra RIO til að skrá skilmála og verð.

Sérþjónusta: M.t.t. ofangreinds þarf að kanna símhringingar í 118 o.fl. þjónustupætti í kringum nýja VoIP þjónustu.

Bilanir: Hver svarar fyrir bilanir? Ekki er vitað hvar númer er staðsett. Ef viðskiptavinur veit heldur ekki hjá hvaða þjónustuaðila hann er í viðskiptum hvert á hann að hringja vegna bilana.

Þjónustuaðili: Getur fjarskiptafyrirtæki sem ekki býður ADSL þjónustu boðið VoIP heimasíma þar sem tryggja þarf bandbreidd fyrir samtalið.“

Telur Síminn að rekstur flökkuþjónustu teljist hvorki til starfrækslu almenns fjarskiptanets né almennrar fjarskiptaþjónustu, sbr. orðskýringar 3. gr. fjarskiptalaga. Þar er almennt fjarskiptanet skilgreint sem net sem er notað að mestu eða öllu leyti til að bjóða almenna fjarskiptaþjónustu.

Þetta sé endurspeglað í samtengingarsamningi aðila en þar er samtengingarumferð skilgreind sem samskipti almennrar símaþjónustu milli fjarskiptafyrirtækja sem byggjast á tengingu fjarskiptakerfa þeirra (t.d. fastakerfis og farsímakerfis).

Telur Síminn að flökkuþjónusta sé hvorki almenn fjarskiptaþjónusta né almenn talsímaþjónusta. Af þeim sökum skortir PFS lagaheimildir til að beina nokkurs konar íþyngjandi fyrirmælum til Símans, svo sem um skráningu flökkunúmera Atlássíma. Nýleg yfirlýsing PFS um netsíma breytir hér engu, enda hafi hún ekkert bindandi gildi að lögum. Hvorki er þar um að ræða reglur, sem settar eru með stoð í lögum, né stjórnvaldsákvörðun, sem skv. lögmatísreglunni á einnig að styðjast við lög. Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hefur nýlega í úrskurði nr. 2/2006 tjáð sig skýrt um kröfur til lagastoðar fyrir íþyngjandi ákvörðunum, sbr. eftirfarandi:

*"...nægir reglugerð ein og sér ekki til þess að leggja íþyngjandi kvaðir á borgara. Hefur þessi grundvallarregla verið staðfest í dómum Hæstaréttar t.d. í málum nr. 1544/1985 og nr. 15/2000 þar sem svo segir þegar rætt er um valdframsal löggjafans til framkvæmdavaldsins:*

*"Þessi fyrirmæli stjórnarskrárinnar verða ekki túlkuð öðruvísi en svo, að hinum almenna löggjafa sé óheimilt að fela framkvæmdarvaldshöfum óhefta ákvörðun um þessi efni. Löggjöfin verður að mæla fyrir um meginreglur, þar sem fram komi takmörk og umfang þeirrar réttindaskerðingar, sem talin er nauðsynleg. Á þetta einnig við um ráðstafanir til að laga íslenskan rétt að skuldbindingum Íslands samkvæmt EES-samningnum."*

Af þessum sökum beri PFS einnig að hafna kröfu Atlássíma um ákvörðun til bráðabirgða hvað þennan þátt málsins varðar.

### **III. Bakgrunnur málsins**

Setja verður ágreiningsefni þessa máls í samhengi við ákvarðanir PFS varðandi fyrirkomulag netsímaþjónustu hér á landi og þá afstöðu sem Síminn hefur tekið í þeim efnum. Opinbera umræðu um þessa nýju símatækni má rekja til 19. nóvember 2004, þegar PFS birti á heimasíðu sinni kynningarit um talsímaþjónustu með IP tækni og óskaði jafnframt eftir athugasemdum frá fjarskiptafyrirtækjum.

Í samantekt þeirra athugasemda sem stofnuninni bárust voru helstu niðurstöður orðaðar með eftirfarandi hætti:

*“Póst- og fjarskiptastofnun telur að skilgreina megi þjónustu sem fær úthlutað símanúmerum sem talsímaþjónustu eða PATS. Út frá þeirri forsendu má leggja sömu kvaðir á þjónustuna, hvort sem hún er veitt með IP tækni eða á hefðbundinn hátt. VoIP fyrirtæki sem notar símanúmer mundi samkvæmt því verða að bjóða upp á númerabirtingu, númeraflutning, samband við neyðarþjónustu og gera aðrar ráðstafanir til að tryggja öryggi....”* (Kynningarrit PFS, bls. 3.)

Síminn var einn þeirra aðila sem skilaði inn umsögn um kynningarrit PFS, sbr. bréf, dags. 20. janúar 2005. Í umsögninni lagði fyrirtækið m.a. áherslu á að eftirlit með fjarskiptastarfsemi sé tæknilega hlutlaust og sambærileg þjónusta eigi að bera sömu skyldur og sömu réttindi. Er m.a. komist svo að orði:

*“Ljóst er að VoIP getur a.m.k. að verulegu leyti komið í stað almennrar talsímaþjónustu. Um er að ræða þjónustu sem fyrst og fremst snýst um að gera notendum kleift að tala sín á milli og því óeðlilegt að ólíkar reglur gildi eftir því hvaða tækni er notuð til að bjóða upp á þjónustuna. Sú niðurstaða getur ekki leitt til annars en að sömu kvaðir verði lagðar á talsímaþjónustu með IP tækni og almenna talsímaþjónustu. Til þess eru tvær leiðir færar, að létta kvöðum af þeim fyrirtækjum sem reka almenna talsímaþjónustu til samræmis við það sem mun gilda um talsímaþjónustu yfir IP, eða leggja sömu kvaðir á VoIP þjónustuveitendur og eru lagðar á fyrirtæki sem veita almenna talsímaþjónustu. Að öðrum kosti verður ekki séð að jafnræðis sé gætt.”*

Þann 15. desember 2005 birti PFS skjal á heimasíðu stofnunarinnar sem bar yfirskriftina “Símanúmer fyrir VoIP þjónustu.” Tilgangur þess skjals var að kynna hugmyndir PFS um ákvarðanir sem stofnunin þyrfti að taka varðandi notkun símanúmera í VoIP þjónustu og númeraflutning til þjónustuveitanda sem veita talsímaþjónustu með VoIP tækni. Í kafla 2.2. um númeramál og VoIP kemur eftirfarandi fram:

*“Tækniþróunin hefur verið hröð og tekið miklum breytingum frá þeim tíma sem sú vinna hófst og hafa fjarskiptastofnanir í Evrópu reynt að fylgjast að eins mikið og unnt er við að skapa þessari þjónustu farveg til að starfa í núverandi lagaumhverfi. Stofnanirnar eru samstíga um að úthlutun númera fyrir VoIP þjónustuaðila sé grundvöllur þess að fyrirtækin geti keppt við hefðbundna talsímaþjónustu. Þróunin í Evrópu hefur verið í þá átt að ekki er lengur gerður greinamunur í lögum og reglum um númer eftir því hvort um VoIP eða hefðbundna talsímaþjónustu er að ræða.”*

Þá var einnig vitnað í könnun sem PFS gerði hjá öðrum eftirlitsstofnunum á EES svæðinu um númeraflutning. Helstu niðurstöður voru að heimilaður er númeraflutningur á milli hefðbundinnar talsímaþjónustu og VoIP þjónustu og almennt er litið á VoIP þjónustu hlutlægt með tilliti til tækni, enda uppfylli hún í megindráttum sömu skilyrði og hefðbundin talsímaþjónusta.

Í sameiginlegri yfirlýsingu IRG um aðkomu eftirlitsstofnana að VoIP var þetta orðað með eftirfarandi hætti:

*“The ERG will adopt a regulatory approach that is consistent with the objectives of the European regulatory framework and which will enable the greatest possible level of innovation and competitive entry in the market, whilst ensuring that European citizens are adequately protected. In particular this should mean that any regulatory obligations on VoIP services are objective, technology neutral, nondiscriminatory and transparent.”* (ERG (05) 12)

Síminn sendi umsögn um yfirlýsingu PFS dags. 15. desember s.l., með bréfi, dags. 9. janúar 2006. Athugasemdir Símans lutu m.a. að skilgreiningu á VoIP þjónustu og taldi Síminn að skilgreining á VoIP mætti að meginstefnu skipta í tvennt, þ.e. flökkupjónustu og talsímaþjónustu. VoIP talsímaþjónustu skilgreindi Síminn á eftirfarandi hátt:

*“VoIP talsímaþjónusta er veitt á sama hátt og almenn talsímaþjónusta. Eini marktæki munurinn þar á er að í stað aðganangsnetsins (sic) fara símtöl yfir IP sambönd. Samskiptin fara ekki yfir opið Internet heldur yfir sambönd sem hægt er að tryggja til jafns við hefðbundinn talsíma.”*

Um þær fyrirætlanir PFS að hverfa frá fyrri áætlunum um að vera með sérstaka númeraseríu fyrir flökkupjónustu kom eftirfarandi fram hjá Símanum:

*“Í 3. kafla kynningarrits PFS kemur fram að af þeim kostum sem eru á samskiptum við Neyðarlínuna til að halda henni upplýstri um hvort númer er flökkunúmer sér Síminn þá eina leið færa að merkja númer með forskeyti/viðskeyti. Dagleg sending lista til Neyðarlínu yrði tímafrek, kostnaðarsöm og jafnvel óáreiðanleg. Síminn mælir því eindregið gegn þeirri leið. Í þessu sambandi er þó ljóst að ef farið yrði að fyrri fyrirætlunum PFS og sérstakri númeraseríu úthlutað fyrir flökkupjónustu yrði þetta vandamál úr sögunni. Það felur í sér umtalsverðan kostnað að koma upp búnaði til að merkja númer því fyrirsjáanlegt að það gæti hamlað nýjum aðilum aðgangi að markaðinum ef gerðar yrðu kröfur um merkingu. Mun edlilegra er því að hafa sérstaka númeraseríu.”*

Þann 3. febrúar 2006 birti PFS síðan yfirlýsingu á heimasíðu sinni um netsímaþjónustu, þar sem tekið hafði verið tillit til þeirra athugasemda sem borist höfðu frá hagsmunaaðilum. Í yfirlýsingunni segir m.a. eftirfarandi:

*“Með hliðsjón af tilmælum Electronic Communications Committee nr. ECC/REC/(05)03, frá 10. maí 2005, og að teknu tilliti til þeirra athugasemda sem bárust frá hagsmunaaðilum, er það álit Póst- og fjarskiptastofnunar að netsímatækni geti verið staðgöngupjónusta almennrar talsímaþjónustu. M.ö.o. lítur Póst og fjarskiptastofnun svo á að ekki eigi að gera greinamun á því hvaða tækni er notuð við veitingu hefðbundinnar talsímaþjónustu. Eiga því ákvæði laga um fjarskipti nr. 81/2003 er varða talsímaþjónustu við um netsíma eftir því sem við á. Á hinn bóginn þarf Póst- og fjarskiptastofnun að taka ákvörðun um hvernig hagað verði úthlutun númera og númeraflutningi vegna netsímaþjónustu. Verður nú gerð grein fyrir fyrirkomulagi netsímaþjónustu með tilliti til þessa”*

Var síðan talið upp 7 liðum hvaða réttindi og skyldur aðilar sem hyggjast veita netsímaþjónustu þurfa að uppfylla. Kemur þar fram að númeraflutningur skuli heimilaður úr fastaneti í símaþjónustu með netsímatækni og að óheimilt sé að flytja flökkupjónustunúmer í annars konar þjónustu.

Í lið 4.1. í yfirlýsingu PFS frá 3. febrúar er fjallað sérstaklega um númeraröð fyrir flökkupjónustu, en þar segir:

*“Númeraröð sem byrjar á 49x xxxx verður skilgreind sem flökkunúmeraröð til markaðssetningar fyrir flökkupjónustu, þ.e. netsímapjónustu sem flytja má milli nettengipunkta. Við úthlutun slíkra númera, sbr. 2. mgr. 10. gr. fjarskiptalaga, verður gerður fyrirvari um að ekki sé heimilt að flytja númerin í aðra þjónustu. Flökkunúmer má einungis nota í fjarskiptaþjónustu á Íslandi, sbr. 5. gr. reglna nr. 318/2003 um skipulag og notkun númera. Hægt er að sækja um númer úr flökkunúmeraröð frá og með 6. febrúar næstkomandi.”*

Hér var sérstaklega verið að kom til móts við sjónarmið fjarskiptafyrirtækjanna með því að skilgreina sérstaka númeraröð fyrir flökkupjónustu. Til dæmis benti Síminn á eftirfarandi í umsögn sinni, dags. 9. janúar 2006:

*“Þess skal einnig getið að Síminn hafði í ljósi stefnumörkunar PFS sótt um flökkunúmer úr 49x xxxx seríunni...”*

*[...]*

*“...Því skorar Síminn á PFS að hverfa eigi frá fyrri áformum og úthluta sérstakri númeraseríu fyrir flökkupjónustu.”*

Það var því samkvæmt beiðni fjarskiptafyrirtækjanna sjálfra þ.á.m. Símans að sérstök númerasería var tiltekin úr númeraplaninu til að fjarskiptafyrirtæki á Íslandi gætu markaðsett flökkupjónustu sem sérstaka þjónustu fyrir neytendur til hliðar við talsímapjónustu sem bundin er við ákveðna staðsetningu.

#### **IV.**

#### **Forsendur og niðurstaða**

##### **1.**

##### *Skilyrði bráðabirgðarákvörðunar*

Í máli þessu er því haldið fram að Síminn hafi brotið gegn ákvæðum fjarskiptalaga nr. 81/2003 og reglum um númeraflutning nr. 401/2003, með því að neita annars vegar að flytja tiltekin númer með númeraflutningi yfir í net Atlassíma og hins vegar með því að neita skráningu á svokallaðri flökkunúmeraseríu sem Atlassími hafði fengið úthlutað frá PFS.

Í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, kemur fram að telji PFS nauðsynlegt að taka ákvörðun í einstökum málum án tafar, enda sé hætt á því að dráttur á úrskurði valdi því að réttindi aðila máls fari forgörðum eða hann verði fyrir verulegu fjártjóni, sé stofnuninni heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun. Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. skal PFS taka málið til umfjöllunar skv. 9. eða 10. gr. laganna innan sjö daga frá því að bráðabirgðaákvörðun var tekin, ella fellur hún úr gildi.

Eins og fram kemur í athugasemdum Símans þá hefur númeraflutningur á þeim númerum sem krafa Atlassíma tók til þegar farið fram. Hefur Atlassími því ekki hagsmuni af því að fá úrlausn

um þá kröfu. Er þá gengið út frá því að númeraflutningur verði ekki vandkvæðum bundinn framvegis. Af þeim sökum verður því ekki fjallað frekar um þann hluta af kröfugerð Atlassíma.

Að því er varðar kröfuna um skráningu á flökkunúmerum verður að horfa til þess að þann 16. febrúar 2006, fékk Atlassími, samkvæmt umsókn dags 7. febrúar, úthlutað númeraröðinni 496 0000 til 496 4999 til þess að veita netsímaþjónustu í flökkuþjónustu, þ.e. þjónustu þar sem viðskiptavinir geta flakkað með númerin án þess að vera bundnir ákveðinni staðsetningu.

Til þess að Atlassími geti hafið sölu áskrifta er fyrirtækinu nauðsynlegt að fá umrædda númeraseríu skráða hjá Símanum til að gagnvirkni þjónustu verði komið á, þ.e. til að viðskiptavinir Símans og Atlassíma geti hringt á milli netanna, sbr. 24. gr. fjarskiptalaga, sbr. og grein 1.2. og g.-liður í grein 1.3. í samtengisamningi fyrirtækjanna.

Hins vegar liggur fyrir að Síminn hefur neitað að skrá þá númeraröð sem Atlassími hefur fengið úthlutað til markaðssetningar á flökkuþjónustu með þeim skýringum sem að framan greinir.

Í ljósi þess að Atlassími áætlaði að hefja sölu áskriftarlausna þann 1. mars 2006 má leiða að því líkum að hver dagur sem líður án þess að fyrirtækið geti hafið sölu áskriftarlausna leiði til tjóns fyrir félagið. Verður því að telja að skilyrðum 1. mgr. 11. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, sé fullnægt að því er varðar þessa kröfu.

Samkvæmt framansögðu mun PFS taka ákvörðun til bráðbirgða að því er varðar ágreining aðila um skráningu flökkunúmera, sbr. kröfu Atlassíma þar að lútandi. Hins vegar er kröfu Atlassíma er lýtur að númeraflutningi vísað frá.

## 2.

### *Netsímatækni með tilliti til gildissviðs fjarskiptalaga*

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 gilda lögin um fjarskipti, fjarskiptaþjónustu og fjarskiptanet. Samkvæmt orðskýringu í 3. gr. laganna merkir hugtakið *fjarskipti* „hvers konar sending og móttaka tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum, með þráðlausri útbreiðslu eða öðrum rafsegulkerfum.“ Í sama ákvæði er hugtakið fjarskiptaþjónusta skilgreint sem „þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet.“

Netsímatækni er byggð á merkjasendingum tals sem að hluta eða öllu leyti eru byggðar á Internet samskiptareglum (IP). Netsími gerir símnötendum kleift að hringja í gegnum IP net með því að breyta símtalinu í starfrænt merki sem berst um netið sem er svo breytt aftur í tal á viðtökustað. Símanúmer eru auðkenni hvers áskrifanda og tengjast ákveðinni staðsetningu eða heimilisfangi. Í netsíma eru upphafsstaður og endastaður ekki skilgreindir fyrirfram sem heimilisfang heldur sem vistfang (svokölluð IP tala) á Internetinu. Í þessu fyrirkomulagi getur notandinn efnt til uppkalls nánast hvar sem er í heiminum þar sem tenging við Internetið er fyrir hendi, þ.e. svonefnd flökkuþjónusta. Símnötandinn getur notað ýmsar tækniáferðir til að hringja t.d. venjulegan síma eða tölvu allt eftir því hvers konar tengingar fjarskiptaþjónuþækið bíður. Fjarskiptaþjónuþækið sér síðan um að koma símtalinu til annarra fjarskiptaþjónuþækja ef þess er þörf.

Ljóst má vera af framangreindri lýsingu að netsímataækni, þ.m.t. flökkupjónusta, er ákveðin tegund af fjarskiptum og fjarskiptaþjónustu eins og þessi hugtök eru skilgreind í fjarskiptalögum. Getur PFS því ekki fallist á það sjónarmið Símans, sem fram kemur í athugasemdum fyrirtækisins, að fjarskiptalögin taki ekki flökkupjónustu, þar sem henni verði hvorki jafnað við almenna fjarskiptaþjónustu né almenna talsímabjónustu.

Samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptaþjónustu er það hlutverk stofnunarinnar að taka þátt í þróun markaðar fyrir fjarskiptaþjónustu og upplýsingatækni m.a. með því að vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptanetum, aðstöðu og þjónustu sem þeim tengist (a.-liður), að stuðla að samruna fjarskiptatækni og upplýsingatækni (e.-liður) og að stuðla að þróun upplýsingasamfélagsins með markvissri innleiðingu nýrrar tækni og vinnubragða (f.-liður).

Með tilliti til þessa lögbundna hlutverks hóf stofnunin undirbúning í lok ársins 2004 vegna væntanlegrar tilkomu netsímabjónustu hér á landi. Kynnti stofnunin fyrirætlanir sínar í þeim efnum og leitaði eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila þar að lútandi, sbr. framangreinda lýsingu á bakgrunni máls þessa. Lauk þeirri vinnu með yfirlýsingu stofnunarinnar um netsímabjónustu frá 3. febrúar 2006.

Eins og fyrr segir byggir synjun Símans á því að skrá umrædd númer m.a. á þeirri afstöðu fyrirtækisins að fjarskiptalög taki ekki til flökkupjónustu. Að sama skapi telur Síminn að umrædd yfirlýsing PFS skorti lagastoð og hafi hún því ekkert bindandi gildi að lögum.

Telur PFS að afstaða Símans til umræddrar yfirlýsingar sé á nokkrum misskilningi byggð. Er yfirlýsingin almennt orðuð og beinist hún ekki að tilteknum aðila eða aðilum. Þá er henni ekki ætlað að vera grundvöllur að íþyngjandi fyrirmælum til Símans eða annarra fjarskiptaþyrtækja. Var tilgangurinn með útgáfu yfirlýsingarinnar einfaldlega að gera fjarskiptaþyrtækjum og neytendum á fjarskiptamarkaði kunnugt um þá túlkun stofnunarinnar að netsímabjónusta falli innan gildissviðs núgildandi laga um fjarskipti nr. 81/2003. Er grundvöllur þeirrar túlkunar m.a. meginreglan um tæknilegt hlutleysi reglna er varða fjarskiptaþjónustu, sbr. 1. mgr. 8. gr. rammatilskipunar nr. 2002/21/EB, sbr. og 18. gr. formálsorða hennar. Að auki hefur yfirlýsingin að geyma yfirlit yfir þær skyldur sem fjarskiptaþyrtækja þurfa að uppfylla hyggist þau bjóða upp á talsímabjónustu sem byggir á netsímataækni. Það er síðan á ábyrgð þeirra þyrtækja sem hyggjast nýta sér netsímataækni til framboðs á talsímabjónustu að uppfylla þau skilyrði sem leiða má af ákvæðum fjarskiptalaga.

### 3.

#### *Samtengisamningur Símans við Atlássíma*

Í athugasemdum Símans er vikið að því að núgildandi viðmiðunartilboð (RIO) Símans og þ.a.l. samtengisamningur Símans og Atlássíma nái ekki yfir svokallaða flökkupjónustu og að uppfæra þurfi viðmiðunartilboð Símans með tilliti til þessa svo mögulegt sé að afgreiða beiðnir frá ytri aðilum um samtengingu.

Telur Síminn að með kröfunni um skráningu á flökkunúmerum Atlássíma sé í raun krafist að gerður verði samtengisamningur við félagið um flökkupjónustu. Samkvæmt 24. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 eiga fjarskiptaþyrtækja sem starfrækja almenn fjarskiptanet eða almenna

fjarskiptaþjónustu rétt og bera skyldu til að semja um samtengingu. Þegar sé unnið að breytingum á viðmiðunarsamtengitilboði sem miða að því að fella slík flökkunúmer og almenna VoIP símaþjónustu undir samtengisamninga félagsins. Hins vegar áskilur Síminn sér rétt til að hafa fullt forræði á því hvenær þeirri vinnu ljúki.

PFS hefur farið yfir athugasemdir Símans og gögn þessa máls, m.a. nógildandi samtengisamning milli Símans og Atlassíma frá maí 2005, og telur að afstaða Símans um að gera þurfi nýjan samtengisamning vegna skráningu á flökkunúmerum Atlassíma eigi ekki við rök að styðjast og standist ekki málefnalega skoðun. Þá er það enn fremur álit PFS að synjun Símans á því að skrá umrædd símanúmer á þessum forsendum feli í sér samkeppnishamlandi aðgerð. Er stofnuninni sérstaklega ætlað að vinna gegn slíkum takmörkunum, sbr. 3. mgr. 24. gr. fjarskiptalaga, en þar segir að PFS skuli „gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir takmarkanir sem hindra fyrirtæki í að gera samtengisamninga sín á milli.“

Með öðrum orðum er það álit PFS að ekkert sé því til fyrirstöðu að umferð sem er tilkomin vegna flökkunúmera geti farið um þá samtengistrauma sem komið hefur verið upp á milli fyrirtækjanna samkvæmt þeim samtengingarsamningi sem í gildi er, enda enginn eðlismunur á þeirri umferð sem verður til í samanburði við aðra umferð. Fyrirtækin tengjast samkvæmt svokölluðum SS7 stöðlum, sem nánar er lýst í fylgiskjali 2 í samtengingarsamningi fyrirtækjanna.

Þá skiptir og máli að fjarskiptalögin ganga út frá þeirri meginreglu að þau eru tæknilega hlutlaus. Í ljósi þess er það ekki Símans að ákveða eða hafa eftirlit með því hvaða tækni Atlassími ætlar að nota til þess að koma símtölum til og frá notendum til skila, eftir að umferðin hefur farið í gegnum þá samtengistrauma sem komið hefur verið upp samkvæmt samtengisamningi fyrirtækjanna.

Lúkningargjöld sem Síminn hefur sett upp í samtengisamningi eru fyrir flutning á símtali frá samtengipunkti og til endanotenda Símans. Engin breyting verður á þeirri þjónustu við það að Atlassími notar VoIP tækni sín megin við samtengipunktinn. Síminn er því áfram að selja sömu þjónustuna og gert var ráð fyrir í samtengisamningi félaganna. Atlassími býður lúkningu til endanotenda sín megin á því verði sem samtengisamningurinn hljóðar upp á og það gildir einu hvort fyrirtækið hyggst flytja umferð í sínu neti með IP tækni.

PFS lýtur einnig svo á að skráning flökkunúmera í viðeigandi kerfi Símans sé ekkert frábrugðin annari vinnu sem fram fer þegar númer annarra fyrirtækja eru skráð í viðeigandi kerfi Símans til þess að talsímaumferð geti farið fram á milli viðskiptavina viðkomandi fjarskiptaþjónustu.

Samkvæmt framansögðu telur PFS að leggja eigi til grundvallar nógildandi samtengisamning Atlassíma og Símans varðandi flökkunúmera. Í samningnum er að finna verðskrár fyrir þá samtengingarþjónustu sem fyrirtækin bjóða upp á. Eðlilegt er að á meðan ekki hefur verið samið um annað að þær verðskrár taki einnig til flökkunúmera eins og hún hefur verið skilgreind, enda engin eðlismunur á þeirri þjónustu og annari umferð sem fer á milli fyrirtækjanna í gegnum samtengistraumana.

#### 4.

*Önnur vandkvæði við skráningu flökkunúmera  
samkvæmt minnisblaði Símans*

Í athugasemdum Símans er jafnframt vísað til ýmissa vandkvæða, sem rakin eru á sérstöku minniblaði frá heildsölu fyrirtækisins, varðandi það að skrá númer vegna flökkupjónustu og númeraflutning á símanúmerum í netsímataekni. Verður nú gerð grein fyrir þessum athugasemdum Símans og þeim svarað lið fyrir lið.

4.1.

#### *Skráning*

„Hvernig verður staðið að tengingum á staðbundnum talsímanúmerum yfir í VoIP – heimasíma. Við breytingu á PSTN yfir í VoIP er heimili aftengt í hefðbundinni símaþjónustu en endurtengt yfir ADSL tengingu. Í núverandi kerfum Símans er símanúmerið notað sem grundvallarskráning um línutengingar, ýmsa þjónustuþætti og gjaldfærslur.“

Er hér um að ræða innri mál Símans sem að mati PFS hafa ekki áhrif á úrlausn þessa ágreiningsmáls. Getur Síminn ekki meinað Atlassíma um samtengingu á grundvelli þess að innan fyrirtækisins eru upplýsingar um línutengingar, ýmsa þjónustuþætti og gjaldfærslur bundnar við skráningu á símanúmeri. Slík vandamál eru Atlassíma óviðkomandi.

Þá ber jafnframt að líta til þess að lengi hefur legið fyrir að netsímaþjónusta myndi ryðja sér til rúms hér á landi. Hefur Símanum, sem og öðrum fjarskiptafyrirtækjum, með góðum fyrirvara verið gert ljóst hvernig stofnunin hygðist bregðast við þessum breytingum á símamarkaði. Getur Síminn ekki með borið fyrir sig nú að skráning símanúmera vegna netsímaþjónustu skapi vandkvæði varðandi vinnslu framangreindra upplýsinga innan fyrirtækisins.

#### *Stofngjöld*

„Stofngjald þar sem VoIP heimasími kemur fyrir verður líkt og stofngjald fyrir flutningi á númer með fullan aðgang að heimtaug (HEIS1) 2.950 kr. þar sem vinnan við flutninginn er sú sama.“

Póst- og fjarskiptastofnun fær ekki séð að þessi athugasemd hafi þýðingu við úrlausn þessa máls. Hins vegar er þessi athugasemd til marks um að sú vinna sem búi að baki flutningi á símanúmeri í netsímaþjónustu og í hefðbundinn talsímaþjónustu sé sú sama.

#### *Númeraflutningur*

„Gengið út frá því að verð sé það sama og í talsíma 550 kr. á hvert númer.“

Ekkert í kröfugerð Atlassíma lýtur að verðlagningu á númeraflutningi. Hefur þessi athugasemd ekki þýðingu við úrlausn málsins.

#### *Mánaðargjald fyrir heimtaug*

„Það þarf að vera á hreinu hver borgar mánaðargjald heimtaugar þegar viðskiptavinur flytur númer sitt í VoIP hjá öðrum aðila. Sem dæmi: Viðskiptavinur er með talsíma hjá Símanum (862 kr.) með skiptan aðgang hjá OGV (ADSL, á 285 kr.), segir upp símanum og fær sér VoIP númer yfir ADSL hjá þriðja aðila út í bæ; greiðir OGV fullt heimtaugargjald, 1.147 kr. og þriðji aðili sem veitir VoIP símtöl ekkert? Samkvæmt þessu er VoIP aðilinn í raun “free rider” á heimtauginni, OGV þarf að greiða 1.147 kr. í stað 285 kr., þrátt fyrir að ekkert hafi breyst hjá honum nema að núna er 3. aðili að nota efra tíðnisviðið með þeim.“

Í ljósi þess hvernig hagað er núgildandi viðmiðunartilboði á heimtaugaleigu (RUO) gerir PFS ekki athugasemd við þessa ályktun Símans. Á hinn bóginn verður ekki séð að álitaefni hvað þetta varðar tengist úrlausnarefni þessa máls.

#### *Samtengiverð VoIP heimasíma*

„Hvaða samtengiverð eru á milli Símans og OGV og annarra fjarskiptafyrirtækja þegar þessi félög bjóða bæði VoIP; t.d. símtal úr VoIP heimasíma hjá Símanum í VoIP heimasíma hjá OGV?“

Telur PFS að þessar vangaveltur um samtengiverð varði ekki úrlausnarefni málsins.

#### *Samtengiverð flökkunúmera*

„Hvert er samtengiverð á milli fjarskiptafyrirtækja fyrir flökkunúmer annars vegar og hins vegar við önnur númer.“

Er þessum lið svarað með sama hætti og hér að framan, þ.e. að vangaveltur Símans um samtengiverð varði ekki úrlausnarefni málsins.

#### *Verklagsreglur*

„Það er ekki búið að ganga frá verkferlum í tengslum við VoIP og þarf PFS að birta drög að verklagi og fyrirtækin að samþykkja og samræma það.“

Eins og að framan er greint varðar efnisleg niðurstaða þessa máls ekki númeraflutning. Telur PFS því óþarft að fjalla um þessa athugasemd Símans. Hins vegar skal á það bent að stofnunin hefur kynnt Símanum drög að verkferlum vegna númerflutnings í fastanetum. Eiga þessir verkferlar einnig við um símanúmer í netsímaþjónustu að undanskilinni flökkunþjónustu. Fór þessi kynning fram á fundi sem haldinn var með Símanum ásamt fulltrúum Atlassíma, Og Vodafone og IP-fjarskipta þann 22. febrúar 2006. Daginn eftir voru drögin send bréflega til fjarskiptafyrirtækjanna, þ.m.t. Símanum, og þeim boðið að gera athugasemdir við efni þeirra.

#### *UT kerfi*

„Vinna er ekki hafin við að uppfæra upplýsingatækni- og reikningagerðakerfi til að sjá um VoIP númeraflutning og þurfa fyrirtækin tíma til að vinna þá vinnu.“

Tilvitnuð athugasemd snýr annars vegar að álitaefnum í tengslum við númeraflutning og hins vegar að innri málum Símans. Þar sem efnisleg niðurstaða þessa máls varðar ekki ágreining um númerflutning og í ljósi afstöðu PFS til atriða er varða innri mál Símans, sbr. svar stofnunarinnar við fyrsta lið hér að framan, telur PFS ekki vera tilefni til að fjalla frekar um þessa athugasemd.

#### *Upplýsingaskylda*

„Verður viðskiptavinur upplýstur um takmarkanir á VoIP símanúmerum eins og númerabirtingu, ótrygg gæði í flökkunúmerum, rafmagnstruflanir, hleranir og í sumum tilfellum lakara öryggi en almennt símanúmer? Er viðskiptavinur upplýstur um takmarkanir á númeraflutningi á flökkunúmerum á milli fjarskiptafyrirtækja.“

Er hér um ræða kröfur um upplýsingagjöf fjarskiptafyrirtækja til símnótenda. Að sumu leyti má leiða þessar kröfur beint af ákvæðum fjarskiptalaga en að öðru leyti er um að ræða upplýsingar

sem PFS þykir eðlilegt að fjarskiptafyrirtækin veiti. Nánar um þetta er vísað til áður nefndrar yfirlýsingar stofnunarinnar um netsímaþjónustu frá 3. febrúar 2006. Hins vegar er það skoðun PFS að tilvitnuð athugasemd snerti ekki ágreiningsefni þessa máls.

#### *Skráning á númerum*

„Hver á að halda utan um skráningu á númerum. Hvað ef númerin flytjast á milli margra fyrirtækja og einstaklinga?“

Virðist hér vera átt við sameiginlega miðlægan gagnagrunn fyrir fastlínunúmer, þ.e. samskonar HÍN-grunninum fyrir farsímanúmer. Hefur PFS bent á mikilvægi þess að koma upp slíkum gagnagrunni, m.a. til að gera númeraflutning auðveldari og skilvirkari. Hins vegar ekki unnt að fallast á að slíkur gagnagrunnur sé á nokkurn hátt forsenda fyrir skráningu umræddra símanúmera Atlássíma.

Þá má geta þess að stofnunin bauð fram aðstoð sína við að skipuleggja samstarf fjarskiptafyrirtækjanna um gerð slíks gagnagrunns, sbr. bréf dags. 23. febrúar 2006. Í svarbréfi Símans, dags. 9. mars. 2006, var þessu boði stofnunarinnar á hinn bóginn hafnað með þessum orðum: „Síminn telur að rétt sé að fara sömu leið og gert var þegar HÍN var stofnað en það var gert í samvinnu aðila á markaði án þess að atbeina PFS nyti við.“

#### *Skráning í RIO*

„Áður en farið er að afgreiða VoIP þjónustu þá þarf að uppfæra RIO til að skrá skilmála og verð.“

Ráða má af bréfi Símans, dags. 7. mars 2006, að ein af meginathugasemdum fyrirtækisins sé að uppfæra þurfi viðmiðunartilboð þess (RIO) áður en unnt verði að afgreiða netsímaþjónustu. Hefur PFS fjallað sérstaklega um þessa athugasemd í kaflanum hér að framan. Eins og þar kemur fram er það skoðun stofnunarinnar að ekki sé þörf á því að endurskoða viðmiðunartilboðið áður en farið verður að afgreiða netsímaþjónustu. Telur stofnunin að synjun Símans á því að skrá umrædd númer á þessum grundvelli vera samkeppnishamlandi aðgerð af hálfu fyrirtækisins. Varðandi afstöðu stofnunarinnar til þessarar athugasemdar að öðru leyti er vísað til áður nefnds kafla hér að framan.

#### *Sérþjónusta*

„M.t.t. ofangreinds þarf að kanna símhringingar í 118 o.fl. þjónustuþætti í kringum nýja VoIP þjónustu.“

Ekki er ljóst hvað átt er við með þessari athugasemd. Á hinn bóginn verður ekki séð að einhver sérstök vandkvæði séu því bundin að skrá og veita upplýsingar um símanúmer í netsímaþjónustu. Né heldur hefur komið fram að það sé vandkvæðum bundið fyrir notendur VoIP þjónustu að notfæra sér sérþjónustur í talsíma.

#### *Bilanir*

„Hver svarar fyrir bilanir? Ekki er vitað hvar númer er staðsett. Ef viðskiptavinur veit heldur ekki hjá hvaða þjónustuaðila hann er í viðskiptum hvert á hann að hringja vegna bilana.“

Póst- og fjarskiptastofnun telur að hugsanlegur ruglingur sem upp gæti komið vegna bilana hafi ekki áhrif á það mál sem hér er til úrlausnar, þ.e. synjun Símans á því að skrá umrædd símanúmer

Atlassíma. Þá hlýtur það ávallt að vera á ábyrgð símnotanda að hafa vitneskju um þann þjónustuaðila sem hann er í viðskiptum við og sinna ber tilkynningum hans um bilanir.

#### *Þjónustuaðili*

„Getur fjarskiptafyrirtæki sem ekki býður ADSL þjónustu boðið VoIP heimasíma þar sem tryggja þarf bandbreidd fyrir samtalið.“

Ekki verður séð með hvaða hætti þessar vangaveltur tengjast úrlausnarefni málsins.

#### 4.2.

Af framangreindu má ráða að athugasemdir Símans á umræddu minnisblaði varði að mestu álitaefni í tengslum við númeraflutning. Hefur Síminn þegar orðið við kröfu Atlassíma um númeraflutning og varðar því efnisleg niðurstaða þessa máls ekki hugsanleg álitaefni þar að lútandi. Leiði einhverjar hindranir hins vegar til þess að aftur rísi upp ágreiningur milli aðila í tengslum við númeraflutning verður leyst úr honum í sjálfstæðu máli. Hafa framangreindar athugasemdir því enga þýðingu varðandi niðurstöðu þess máls sem hér um ræðir.

Að öðru leyti varða athugasemdirnar að miklum hluta innri mál Símans sem að mati PFS geta ekki verið forsendur fyrir því að synja Atlassíma um skráningu þeirra númera sem krafa málsins tekur til.

Þá hefur hér að framan verið svarað þeim sjónarmiðum Símans sem að einhverju leyti tengjast úrlausnarefni málsins. Nánar til tekið er um ræða athugasemdir Símans varðandi skráningu, samtengiverð flökkunúmera, skráning á númerum og skráning í RIO. Er það skoðun PFS að Síminn geti ekki hafnað því að skrá umrædd símanúmer Atlassíma á grundvelli þeirra sjónarmiða sem þar eru rakin.

#### 5.

#### *Samandregin niðurstaða*

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða PFS í þessu máli að netsímaþjónusta, þ.m.t. flökkupjónusta (Nomadic), falli undir þær skilgreiningar sem fram koma í lögum um fjarskipti nr. 81/2003, sem og þær skilgreiningar sem fram koma í samtengingarsamningi Símans og Atlassíma. Þess vegna eigi slík símaþjónusta undir gildissvið fjarskiptalaga. Þá telur PFS að ekki sé þörf á því, eins og hér stendur á, að uppfæra viðmiðunartilboð Símans sérstaklega með tilliti til flökkupjónustu. Í núgildandi samtengisamningi Atlassíma og Símans eru t.d. verðskrár fyrir þá samtengingarþjónustu sem fyrirtækin bjóða upp á. Eðlilegt er að á meðan ekki hefur verið samið um annað að þær verðskrár taki einnig til flökkupjónustu eins og hún hefur verið skilgreind, enda er hún ekki frábrugðin annarri umferð sem fer á milli fyrirtækjanna í gegnum samtengistraumana.

#### *Ákvörðunarloð*

Kröfu um bráðbirgðaákvörðun varðandi númeraflutning á tveimur númerum er vísað frá.

Símanum hf. ber að skrá flökkunúmeraröðina 496 0000-496 4999 í viðeigandi gagnagrunna, þannig að komið verði á gagnvirkni þjónustu á milli fjarskiptaneta í samræmi við ákvæði 24. gr.

fjarskiptalaga nr. 81/2003, sbr. samtengisamning á milli Atlassíma ehf. og Símans hf., dags. 3. maí 2005.

Ákvörðun þessi tekur gildi frá dagsetningu hennar.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

*Reykjavík, 19. apríl 2006*

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason

Björn Geirsson